

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna Garðaholts og Garðahverfis.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti 4. ágúst 2026 breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 16. apríl 2026.

Í breytingunni felst breytt afmörkun opins svæðis Grænagarðs, 1.89 OP, og lítilsháttar stækkun þess til vesturs. Skilgreint er um 0,24 ha svæði fyrir samfélagsþjónustu, 1.90 S, og afmörkun íbúðarbyggðar, 1.76 ÍB, breytist til samræmis þannig að svæðið minnkar um tæplega 1 ha. Breytingin tekur einnig til nýs tengistígs í Garðahverfi og gönguleiðir við Garðakirkju eru skilgreindar sem tengistigar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 4. ágúst 2026.

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 18. ágúst 2026